

SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2014



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Eignarhlutir í félögum	6
Úthlutanir úr sjóðum	10
Samstæðuársreikningur 2014	
- Skýrsla stjórnar	14
- Áritun óháðs endurskoðanda	15
- Rekstrarreikningur	16
- Efnahagsreikningur	17
- Sjóðstreymi	18
- Skýringar	20

Hönnun: Stíll.

Prentun: Ásprent og Stell.



ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Sé lítið til almennra hagstærða verður vart annað talið en að þjóðarbúið sé við það að hrista af sér bankahrunið og áhrif þess. Hagvöxtur og hagvaxtarhorfur eru góðar í alþjóðlegu samhengi, utanríkisviðskipti skila ásættanlegum afgangi og atvinnuleysi að nálgast náttúrulegt lágmark. En ekki er allt sem sýnist þrátt fyrir þessi jákvæðu merki. Svokallaðar snjóhengjur og fjármagnshöft hanga enn á hagkerfinu og geta haft stórkostlegar afleiðingar á þjóðarbúskapinn og heimili í landinu ef illa fer þegar hengjur verða losaðar og höftin afnumin. Fjármagnshöft geta skekkt afkomu einstakra atvinnugreina sé horft til langs tíma vegna áhrifa þeirra á stöðu gjaldmiðils og þar með heilu og hálfu atvinnugreinarnar. Því er almennt séð ekki ákjósanlegt að taka viðamiklar fjárfestingaákvæðanir í slíkri umgjörð nema að mjög vel athuguðu máli.

Í aðdraganda efnahagshrunsins fyrir 7 árum hafði stjórn félagsins tekið upp nýja stefnu. Sú stefna lagði áherslu á svokallaða kjarnastarfsemi, sem byggði á því að félagið fjárfesti í fáum og jafnvel aðeins einu stóru fyrirtæki, sem hefði þau einkenni að færa KEA meirihluta eignarhalds, hafa þátttökueiginleika sem og að vera með héraðsleg umsvif ef mögulegt væri. Þetta þýddi að fá egg yrðu sett í eina kröfu og jafnvel öll í eina körfu. Í þessari stefnu fólst mikil áhættusækni. Í kjölfar hrunsins var talið að tækifæri gætu skapast til fjárfestinga í samræmi við þá stefnu. Svo varð ekki, endurskipulagning fyrirtækja gekk hægt fyrir sig og fjármálafyrirtæki fengu beint og óbeint að halda eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum lengur en góðu hófi gegnir. Við þetta bættist skekkt samkeppnisstaða fjárfesta vegna gjaldeyrisútbóta Seðlabanka sem og að viðvarandi fjármagnshöft hafa lokað af mikið af krónum sem ekki finnast ásættanlegir fjárfestingakostir fyrir. Á tiltölulega skömmum tíma spruttu upp sérhæfðir fjárfestingasjóðir með mikla fjármuni og samkeppni hefur verið mikil um fremur fá verkefni. Tækifærin hafa því ekki reynst mörg og því mikilvægt á þessum tímamarki að endurmeta stöðuna. Niðurstaða stjórnar KEA eftir stefnumótunarvinnu sem fram fór í haust er í meginatriðum sú að hverfa frá áherslu á kjarnastarfsemi. Þetta hljómar ekki sem mikil breyting en er það engu að síður. Látið er jafnframt af áherslum um meirihlutaeign í fyrirtækjum og áhætta er almennt minnkuð með takmörkunum gagnvart skuldsetningu og vægi einstakra verkefna í eignasafni. Einnig er meiri áhersla lögð á fjárfestingu í staðbundnum verkefnum. Hagkerfi félagssvæðisins er ekki stórt og tækifærin því þar af leiðandi færri. Það getur þýtt að það muni taka tíma að framfylgja og ná fram stefnunni, en KEA liggur ekkert á og á ekki að setja á sig tímappressu hvað þessa stefnu varðar enda slíkar áherslur í flestum tilvikum ávísun á slys líkt og dæmin sanna. Samhliða stefnumótunarvinnu stjórnar var samþykkt ný jafnréttisstefna. KEA vill með þessu árétta mikilvægi málaflöksins í starfi sínu en stefnan tekur mið af jafnréttislöggjöf sem og alþjóðlegum sáttmálum um jafnrétti kynja.

Vert er að geta þeirra áhrifa sem ný stefnumörkun getur haft á afkomu félagsins til framtíðar. Stuðst hefur verið við mat á óskráðum eignarhlutum í fyrirtækjum í samræmi við svokallaða gangvirðisaðferð. Í stað þess að fjárfestingar, í samræmi við fyrri stefnu, komi inn í samstæðureikning verða þær eingöngu verðmetnar til gangvirðis í lok hvers árs óháð stærð eignarhlutar. Þannig getur afkomubreyting fyrirtækis sem KEA á meirihluta í komið með mjög ólíkum hætti inn í uppgjör félagsins eftir því hvor aðferðin er notuð. Í tilfelli samstæðuuppgjörs myndi afkomubreyting dótturfélags birtast með sama hætti í uppgjöri KEA og hjá því sjálfu, en samkvæmt gangvirðisaðferð kemur tiltekið margfeldi af afkomubreytingunni inn í uppgjör KEA. Í stuttu máli felur núverandi stefnumótun og áhrif hennar á afkomumælingar í sér miklu mun meiri sveiflur í afkomu félagsins á milli tímabila. T.a.m. gæti orðið töluvert tap á rekstri KEA þrátt fyrir að öll fyrirtæki sem KEA ætti eignarhluti í væru að skila góðum hagnaði og ásættanlegri arðsemi. Tap myndast í rekstri KEA ef rekstur félaga versnar frá fyrra ári og öfugt. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar fjallað er um afkomu félagsins í framtíðinni.

Á árinu hóf félagið skoðun og greiningu á ferðaþjónustumarkaði á Norðurlandi. Ekki eru mörg ár síðan KEA seldi frá sér hótélstarfsemi sem enn ber nafn félagsins. Mikill vöxtur er og hefur verið í

Þessari atvinnugrein sl. 3 til 4 ár og töluvert umfram væntingar. Ljóst er að fjárfestingar á svæðinu í innviðum ferðaþjónustu eins og gistingu hafa líkt og á landsvísu ekki náð að fylgja þeim mikla vexti sem orðið hefur í greininni. Eigi svæðið að viðhalda hlutdeild sinni á þessum markaði þarf að bæta verulega í framboð gistirýmis og telja má að skortur á frambærilegu gistirými geti verið þröskuldur, t.d. hvað varðar millilandaflug til Akureyrar. Millilandaflug til svæðisins myndi umbylta ferðaþjónustumarkaði á þessu svæði, skapa fjölda nýrra starfa og gera greinina miklu mun arðvænlegri til fjárfestinga en nú er. Slök nýting fjárfestinga utan sumartíma er verulega letjandi gagnvart nýfjárfestingum og hefur leitt af sér mun lakara framboð valkosta en ella. KEA hefur lagt nokkuð af mörkum hvað tilraunir varðar til að koma á millilandaflugi og telja verður að bjartara sé yfir því máli en oft áður. Megináherslur KEA á þessu sviði munu beinast að þeim hluta markaðarins sem mest er þörf á að bæta og styrkja, þ.e.a.s. að grundvallarþáttum eins og framboði gistirýmis. KEA festi á síðasta ári kaup á lóð á frambærilegum stað á Akureyri sem skipulögð er undir hótelfarfsemi og kannar nú kosti þess að reisa þar 100-150 herbergja hótél en ekkert hótél hefur verið byggt upp frá grunni á Akureyri um mjög langt skeið. Ef af verður má ætla að heildarfjárfesting geti numið rúmum 2 milljörðum króna.

Eins og ráða má af tekjufærslu vegna gangvirðisbreytinga í rekstrarreikningi, þá gengu fyrirtæki sem KEA á eignarhluti í heilt yfir vel á árinu og alveg sérstaklega vel hjá nokkrum þeirra. Flest þeirra eru í útflutningstengdri starfsemi. Afkoma síðasta árs er viðunandi en hverful. Uppistaða hagnaðarins er óinnleystur og því ekki í hendi. Félagið er og hefur verið með töluvert magn lausafjár sem dregur heildararðsemi niður því ávöxtun á laust fé er ekki há. Þetta lausa fé er til reiðu fyrir fjárfestingar í fyrirtækjum þegar tækifæri gefast. Stefna félagsins hefur um langt skeið verið sú að hafa þá fjármuni mjög aðgengilega og til reiðu þegar færi gæfist á því að ná fram meginstefnu félagsins. Félagið er í uppbyggingar- og fjárfestingarferli með laust fé á efnahagsreikningi sínum sem ætlað er í þann vöxt. Þetta er staða sem fá, ef nokkur önnur fyrirtæki eru í og því mikilvægt að skoða afkomu félagsins í því ljósi sem og þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið. Arðsemi eigna sem bundin er í fyrirtækjum var mjög góð á síðasta ári.

KEA er nú aftur komið í hluthafahóp Samkaupa en það er þriðja stærsta matvörukeðja landsins. Á síðasta ári var keyptur 5% eignarhlutur í fyrirtækinu en allar gömlu matvöruverslanir KEA hafa verið reknar af þessu fyrirtæki um nokkurt skeið og eru umsvif þess á félagssvæði KEA veruleg. Einnig var keyptur eignarhlutur í fiskvinnslufyrirtækinu Marúlfi á Dalvík og hlutur félagsins í Ásbyrgi Flóru var aukinn þar sem gengið var inn í viðskipti á grundvelli forkaupsréttar. Einnig var hlutfé aukið í norsku fasteignafélagi sem KEA hefur átt eignarhlut í um allnokkurt skeið. Velflestar fjárfestingar ársins eru því í staðbundnum fyrirtækjum eða fyrirtækjum með veruleg umsvif á félagssvæði KEA.

Ekki er hægt að fjalla um afkomu og hagrænan ábata félagsmanna KEA án þess að fjalla um KEA kortið, en áhrif þess eru utan hefðbundinna afkomumælinga félagsins. Óhætt er að segja að beinn og millilíðalaus ábati af þessu tagi sé orðinn meiri en margan grunar. Er nú svo komið að árlegur ábati félagsmanna af KEA kortinu nálgast hálfan milljarð króna á ári. Félagsmönnum fjölgar áfram umfram mannfjöldapróun og nýleg könnun meðal félagsmanna staðfestir áframhaldandi mikla notkun kortsins en um 80% félagsmanna nota KEA kortið 1 sinni eða oftar í viku. Vert er að hvetja félagsmenn til að kynna sér hvaða samstarfsaðilar veita afslætti til að nýta þessi kjör til fulls. Veruleg búbot getur fylgt kerfisbundinni notkun kortsins.

Á þessu ári verða stigin stór skref í afnámi fjármagnshafta. Órói á vinnumarkaði er meiri en verið hefur áður og ástæða til að hafa töluverðar áhyggjur af þeirri stöðu. Gangvirkni raunhagkerfisins er engu að síður góð og útlit lofandi. Stjórn og starfsfólk KEA mun eins og áður vinna af yfirvegun og ábyrgð að því að undirbyggja fjárfestingar félagsins sem og að halda utan um þau verkefni sem þegar hefur verið fjárfest í.



Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri



Birgir Guðmundsson
stjórnarformaður



EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

Ásbyrgi Flóra ehf.

Eignarhlutur KEA: 80%

Ásbyrgi Flóra hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1993, en félagið á sér mun lengri sögu - kennitala þess er síðan 1945. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla og þökkun ýmissa matvara fyrir neytendamarkað og matvælaíðnað, en auk þess starfrækir félagið heildverslun með mikið úrval rekstrarvara o.fl. fyrir fyrirtækjamerkað. Framleiðsla Flóruvara hófst í Grófargili árið 1935 í Efnagerð KEA og hafa Flóruvörur verið framleiddar óslitið síðan þá. Starfstöðvar félagsins eru tvær, í Tryggvabraut 24 og Fjölnisgötu 1, Akureyri, og starfsmenn eru 17.

Ásprent - Stíll ehf.

Eignarhlutur KEA: 59,06%

Félagið var stofnað árið 2003 með sameiningu prentsmiðjunnar Ásprents og auglýsingastofunnar Stíls. Í kjölfarið keypti félagið prentsmiðjuna Alprent og síðar Prenttorg, Límmiða Norðurlands og stafrænu prentstofuna Stell. Innan félagsins er því búið að sameina stóran hluta af prentþjónustu á Akureyri.

Félagið rekur þrjár starfsstöðvar; að Glerárgötu 28 er Ásprent sem sér um útgáfu Dagskrárinnar ásamt almennri prentþjónustu, að Óseyri 2 er Stíll auglýsingastofa og skiltagerð og í Kaupangi við Mýrarveg er Stell, stafræn prentstofa. Hjá félaginu starfa nú 36 starfsmenn.

Meginstarfsemi félagsins felst í almennri prentþjónustu fyrir viðskiptavini um land allt; allt frá nafnspjöldum til stórra harðspjaldabóka og er veitt víðtæk þjónusta á þessu sviði. Útgáfa Dagskrárinnar er stór þáttur í starfseminni, auk þess er rekin auglýsingastofan og skiltagerðin Stíll sem veitir þjónustu í markaðs- og kynningarmálum og gerir félaginu kleift að annast verkefni fyrir viðskiptavini allt frá grunnhönnun á útliti til lokafrágangs verka.

www.asprent.is - www.still.is - www.stell.is

Fasteignafélög KEA eru Klappir ehf., H98 ehf. og Norðurbrú ehf.

Eignarhlutur KEA er 100% í öllum félögum.

Klappir ehf. var stofnað árið 2005 en H98 ehf. var stofnað árið 2008.

Fasteignafélögin eru með aðsetur á skrifstofu KEA í Glerárgötu 36 á Akureyri og umsjón með rekstri fasteignanna er í höndum KEA.

Fasteignafélögin annast útleigu á fasteignum á Akureyri, rekstur, þjónustu og viðhald sem því fylgir. H98 ehf. leigir út friðaða fasteign við Hafnarstræti 98 og Klappir eignir við Glerárgötu 36, Kaupvangsstræti 6 og Óseyri 2. Heildarstærð fasteignanna er um 3.600 fermetrar.

Allt hlutafé í Norðurbrú ehf. var keypt á árinu 2014, en það félag á lóðina að Hafnarstræti 80 á Akureyri.

Ferro Zink hf.

Eignarhlutur KEA: 44,0%

Stofnár: 1960 undir heitinu Sandblástur og Málmhúðun sf. Hlaut nýtt nafn árið 2008.

Starfsstöðvar eru tvær; Árstígur 6 á Akureyri og Álfhella 12-14 í Hafnarfirði. Samtals er húsnæði félagsins 6.000 fermetrar á 30.000 fermetra lóðum. Starfsmannafjöldi: 60.

Skipta má starfseminni í meginatriðum í þrennt. Efnissala á svörtu stáli og ryðfrú stáli og áli, ýmis sérsmiði og framleiðsla, s.s. á ljósastaurum og loks verslunarrekstur með verkfæri, vinnufatnað, vélar, festingavörur og fleira.

www.ferrozink.is



EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM



KEA

Grófargil ehf.

Eignarhlutur KEA: 34,0%

Félagið var stofnað árið 1998 upp úr bókhaldsdeild KEA.

Aðalskrifstofa félagsins er að Glerárgötu 36 á Akureyri en einnig er starfrækt skrifstofa að Skúlagötu 19 í Reykjavík. Hjá Grófargili eru 17 starfsmenn.

Félagið annast reikningshald, bókhald, ráðgjöf og uppgjörsþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

www.grofargil.is

Hreinsitækni ehf.

Eignarhlutur KEA: 22,9%

Félagið var stofnað árið 1976.

Félagið er með lögheimili að Stórhöfða 37 í Reykjavík og með útibú á Akureyri. Starfsmenn félagsins eru um 50 talsins.

Meginstarfsemi félagsins er þjónusta við bæjar- og sveitarfélög, fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga, á fráveitukerfum, við gatnahreinsun og flutning á olíu- og spilliefnum. Félagið er einnig fremst í flokki við tæmingar á rotþróum við lögbyli og sumarbústaði. Í heildarumsvifum vegur þjónusta við fráveitukerfi og gatnahreinsun nokkurn veginn jafnt hjá félaginu. Fyrirtækið hefur nýlega víkkað út starfsemi sína með því að bjóða upp á fóðringu lagna, sem gerir gamlar lagnir að nýjum.

www.hrt.is

Kælismiðjan Frost ehf.

Eignarhlutur KEA: 20,75%

Stofnár: 1993. Félagið er með höfuðstöðvar á Akureyri og útibú í Garðabæ og á jafnframt þriðjung í færeysku félagi á sama sviði sem nefnist p/f Frost. Starfsmannafjöldi: 40.

Félagið annast hönnun, uppsetningu og þjónustu lítilla og stórra frysti- og kælikerfa. Þjónusta við sjávarútveg, hér á landi og erlendis, er undirstaðan í rekstri félagsins og stendur að jafnaði undir stærstum hluta tekna þess en verslun, iðnaður og önnur þjónusta vega einnig talsvert í veltunni.

www.frost.is

Marúlfur ehf.

Eignarhlutur KEA: 16,95%

Marúlfur er sjávarútvegsfyrirtæki á Dalvík sem hefur sérhæft sig í vinnslu á steinbít og hlýra fyrir Evrópu-markað, einkum Frakkland og Þýskaland. Hjá félaginu eru unnin 1600 tonn á ári og starfsmenn eru 20.

Samkaup hf.

Eignarhlutur KEA: 5%

Samkaup hf. leggja áherslu á almannaðjónustu á verslunarsviði. Samkaup reka um fimmtíu smávöru-verslanir víðsvegar um landið og helstu verslanamerki eru Nettó, Úrval og Strax. Staða Samkaupa er sterk utan höfuðborgarsvæðisins og rekur félagið fjölmargar verslanir á félagssvæði KEA. Samkaup rekur einnig myndarlegar verslanir í Reykjavík og nágrenni.

www.samkaup.is





EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

Norlandair ehf.

Eignarhlutur KEA: 10,2%

Félagið var stofnað árið 2008 á grunni Flugfélags Norðurlands sem stofnað var 1975.

Höfuðstöðvar eru á Akureyrarflugvelli.

Starfsmenn í heilsársstörfum eru 15 talsins en þeim fjölga í 20 helming ársins eða frá mars til september.

Félagið stundar leiguflug á Grænlandi og Íslandi, sem að stærstum hluta er þjónusta við rannsóknafyrirtæki og opinbera danska aðila á Grænlandi. Einnig er það með áætlunarflug til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Í mars 2013 hófst síðan millilandaflug til og frá Constable Point á Grænlandi.

www.norlandair.is

Slippurinn Akureyri ehf.

Eignarhlutur KEA: 12,0%

Núverandi félag var stofnað árið 2005 en slipprekstur á sér langa sögu á Akureyri.

Félagið er með aðsetur á Naustatanga á Akureyri og eru starfsmenn um 160.

Slippurinn er ein stærsta skipasmíðastöð og málmvinnsla á Íslandi með margra ára reynslu í nýbyggingu alls konar fiskiskipa, allt frá litlum viðarskútum upp í allt að 70 m langa nútíma frystitogara.

Félagið veitir alhliða þjónustu við sjávarútveg, iðnað og fleira. Þjónusta við landverkefni vega um 25% af heildarveltu félagsins en um 75% við sjávarútveg sem skiptist nokkuð jafnt milli innlendra og erlendra aðila.

www.slipp.is

Sparisjóður Höfðhverfinga

Eignarhlutur KEA: 49,89%

Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður þann 1. janúar 1879 og er talið næstelsta starfandi fyrirtæki landsins.

Sparisjóðurinn er með afgreiðslustaði að Túngötu 3 á Grenivík og Glerárgötu 36 á Akureyri. Hraðbanki sparisjóðsins er í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Starfsmenn eru átta.

Sparisjóður Höfðhverfinga er þjónustufyrirtæki á fjármálsviði sem veitir alla almenna banka- og fjármálaþjónustu.

www.spar.is



EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM



KEA

Tækifæri hf.

Eignarhlutur KEA: 52,69%

Stofnað árið 1999.

Félagið er staðsett á Akureyri og er með samstarfssamning við Íslensk verðbréf um daglegan rekstur.

Félagið fjárfestir í nýsköpun eða nýmæli í atvinnulífi á Norðurlandi og er þátttaka í verkefnum einkum í formi fjárfestingar í hlutafé. Félaginu er þó heimilt að skoða hvaða fjárfestingartækifæri sem er, óháð eðli eða staðsetningu, teljist góðir kostir í boði. En almennt gildir að verkefnin þurfa að hafa hagrænt gildi, vera atvinnuskapandi og leiða til sem mestra margfeldisáhrifa á atvinnulíf svæðisins.

www.taekifaeri.is

Þekking Tristan ehf.

Eignarhlutur KEA: 50,0%

Stofnað árið 1999. Höfuðstöðvar félagsins eru á Akureyri en einnig er starfsstöð í Kópavogi.

Um 60 manns starfa hjá félaginu sem skiptist nokkurn veginn jafnt milli starfsstöðva.

Starfsemi félagsins lýtur að heildarlausnum á sviði upplýsingakerfa, þ.e. hýsingu og rekstri tölvu-kerfa fyrir stór og smá fyrirtæki. Félagið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og er með fjölmarga viðskiptavini um allt land.

www.thekking.is





MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐUR KEA

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, afhenti styrki úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA fimmtudaginn 27. nóvember 2014. Þetta var í 81. sinn sem KEA veitir styrki úr sjóðnum og fór úthlutunin fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Auglýst var eftir umsóknum í september og bárust 138 umsóknir. Veittir voru 34 styrkir, samtals að fjárhæð 6,25 milljónir króna.

Úthlutað var úr fjórum styrkflokkum; almennum flokki, ungum afreksmönnum, þátttökuverkefnum og íþróttastyrkjum. Ellefu umsækjendur hlutu almennan styrk, hver að fjárhæð 150 þúsund krónur. Til ungra afreksmanna voru veittir tólf styrkir, 1,8 milljónir króna. Til þátttökuverkefna var úthlutað 1,4 milljónum króna og hlutu fjórir umsækjendur styrk. Sjö íþróttastyrkir voru veittir, samtals 1,4 milljónir króna.

Almennir styrkir, styrkuppþæð kr. 150.000,-

Lestrarfélag Hríseyjar - Til kaupa á bókum og skápum fyrir bókasafnið í Hrísey.

Kammerkór Norðurlands - Vegna vetrarstarfs kórsins en þar á meðal eru tvennir tónleikar í samstarfi við kammerkórinn Hljómeyki, sem haldnir verða í Langholtskirkju og á Norðurlandi.

Stúlnakór Akureyrarkirkju - kórinn er að safna fyrir tónleikaferð til Toscana á Ítalíu sumarið 2015.

Iðnaðarsafnið á Akureyri - Til að taka viðtöl við fyrrum starfsmenn Sambandsins, KEA og fleiri fyrirtækja um störf þeirra innan fyrirtækjanna á sínum tíma.

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju - Til að fjármagna sumartónleika sem haldnir eru alla sunnudaga í júlí 2015.

Kvenfélagið Tilraun - Til útgáfu á afmælisriti í tilefni af aldarafmæli kvenfélagsins.

Safnaklasi Eyjafjarðar - Til að halda samsýningu safna við Eyjafjörð í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 2015.

Kvæðamannafélagið Gefjun - Til að halda þjóðlistahátíðina „Erfðir til framtíðar“ sem haldin verður á Akureyri sumarið 2015.

Hermann Gunnar Jónsson - Til að gefa út bók um fjallgönguleiðir í Grýtubakkahreppi.

Listfræðslan - Til kaupa á stólum fyrir einstaklinga sem eiga við stoðkerfisvandamál að stríða.

Kvenfélagasamband Suður-Þingeyinga - Til viðhalds á Gamla Húsmæðraskólanum á Laugum í Reykjadal.

Ungir afreksmenn, styrkuppþæð kr. 150.000,-

Alexander Smári Edelstein, píanó.

Alexandra Guðlaugsdóttir, kraftlyftingar.

Arna Sif Ásgrímsdóttir, knattspyrna.

Birta Fönn Sveinsdóttir, handbolti.

Einar Kristinn Kristgeirsson, skíði.

Magnús Finnsson, skíði.

Sigurður Reynisson, íshökkí.

Sigurður Unnar Hauksson, skotfimi.

Stefanía Daney Guðmundsdóttir, frjálssar íþróttir.

Stefanía Kristín Valgeirsdóttir, golf.

Sveinborg Katla Daníelsdóttir, taekwondo/frjálssar íþróttir.

Ævarr Freyr Birgisson, blak/golf.

MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐUR KEA

Íþróttastyrkir

Íþróttafélagið Völsungur, 3. fl. kk og kvk í fótbolta, kr. 200 þúsund, vegna þátttöku í fótboltamóti í Noregi sumarið 2015.

Ungmennafélagið Narfi, kr. 100 þúsund, til kaupa á áhöldum í Íþróttamiðstöðina í Hrísey fyrir börn og unglinga.

Barna- og unglingaráð Golfklúbbs Akureyrar, kr. 250 þúsund, til að fjármagna æfingaferð erlendis fyrir 12-18 ára unglinga.

Unglingaráð Körfubolta Þórs, kr. 250 þúsund, til að fjármagna kaup á skotklukku svo félagið geti haldið keppismót í körfubolta.

Tækwondodeild Þórs, kr. 200 þúsund, til almenns uppbyggingarstarfs deildarinnar sem legið hefur í dvala um nokkurt skeið.

Knattspyrnufélag Fjallabyggðar, kr. 200 þúsund, til að kaupa búnað fyrir barna- og unglिंगastarf félagsins.

Mammútar, kr. 200 þúsund, vegna þátttöku í Evrópumóti í krullu í Hollandi.

Þátttökuverkefni:

Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg, kr. 200 þúsund, til áhaldakaupa með tilliti til þess að fjölga iðkendum í yngstu aldurshópnum.

Minjasafnið á Akureyri, kr. 500 þúsund, til að taka saman myndir úr ljósmyndasafni Minjasafnsins og tengjast sögu KEA og gera þær aðgengilegar öllum í stafrænum gagnagrunni.

Vísindaskóli fyrir börn - Háskólinn á Akureyri, kr. 500 þúsund, til að setja á stofn Vísindaskóla fyrir börn á aldrinum 11-13 ára.

Kór Dalvíkurkirkju, kr. 200 þúsund, vegna útgáfu á söngdiski með hátíðarsöngvum sr. Bjarna Þorsteinssonar.





ÚTHLUTUN ÚR HÁSKÓLASJÓÐI KEA

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, og Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, afhentu þann 14. júní 2014 styrki úr Háskólasjóði KEA við athöfn sem fram fór á Sólborg, húsnæði Háskólans á Akureyri við Norðurslóð.

Að þessu sinni voru veittir átta rannsóknastyrkir en fimmtán umsóknir bárust sjóðnum. Við úthlutun úr sjóðnum er horft til þess að verkefni tengist starfsemi skólans. Einnig hlutu þrír namar viðurkenningu fyrir góðan námsárangur við brautskráningu úr háskólanum fyrr um daginn. Þetta var í tólfta sinn sem úthlutað er úr Háskólasjóði KEA og var heildarupphæð styrkja 4,1 m.kr.



Eftirtalin rannsóknaverkefni fengu styrk úr Háskólasjóði KEA:

Vaxandi áhugi og áhrif ríkja í Asíu á málefnum heimskautanna: Sjónarhorn frá Íslandi
Rannsóknamiðstöð ferðamála - Edward Huijbens

Kr. 400.000,-

Viðhorf, kunnátta og vilji Íslendinga til að aðlagast loftslagsbreytingum
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri - Eva Halapi

Kr. 600.000,-

Ráðstefna um nýtingu loðnu

Viðskipta- og raunvísindasvið - Hörður Sævaldsson

Kr. 400.000,-

Hvers vegna eru útlendingar svona ánægðir hér?

Hug- og félagsvísindasvið - Markus Meckl

Kr. 400.000,-

ÚTHLUTUN ÚR HÁSKÓLASJÓÐI KEA



KEA

Hugleikur - samræður til náms

Miðstöð skólaþróunar og kennaradeild - Sólveig Zophoníasdóttir

Kr. 300.000,-

Norðurslóðir á 21. öld

Hug- og félagsvísindasvið - Rachael Lorna Johnstone

Kr. 200.000,-

Vaðlaheiðargöng - samfélagsáhrif

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri - Hjalti Jóhannesson

Kr. 1.000.000,-

Auðlindasetur

Viðskipta- og raunvísindasvið - Ögmundur Knútsson

Kr. 700.000,-

Eftirtaldir hlutu viðurkenningar fyrir góðan námsárangur:

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Baldur Ingi Karlsson

Kr. 50.000,-

Heilbrigðisvísindasvið:

Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir

Kr. 50.000,-

Hug- og félagsvísindasvið:

Heiðar Ríkharðsson

Kr. 50.000,-



SKÝRSLA STJÓRNAR

KEA svf. er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að eflingu félagsins og þar með atvinnulífs og búsetuskilyrða á starfssvæði sínu.

Rekstur samstæðunnar var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður samstæðu KEA á árinu 2014 nam 467,4 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 5,9 milljörðum króna í árslok, bókfært eigið fé var 5,3 milljarðar króna og eiginfjárlutfall samstæðunnar 90,3%.

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 19.177 talsins en voru 18.827 í upphafi árs.

Það er álit stjórnar samstæðunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn KEA svf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2014 með áritun sinni.

Akureyri, 9. apríl 2015

Stjórn:

Birgir Guðmundsson
formaður

Hallur Gunnarsson
varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson
ritari

Guðlaug Kristinsdóttir
meðstjórnandi

Hildur Ösp Gylfadóttir
meðstjórnandi

Ólafur Jónsson
meðstjórnandi

Ólína Freysteinsdóttir
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Halldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA



Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2014, efnahag hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 9. apríl 2015

Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson
löggitur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

Rekstrartekjur	Skýr.	2014	2013
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		184.634.983	179.743.149
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(18.474.350)	(21.781.781)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		348.035.194	106.308.863
Tekjur af fjárfestingareignum		131.463.335	127.128.053
Aðrar tekjur		2.945.745	7.241.343
		648.604.907	398.639.627
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	75.266.550	65.699.412
Annar rekstrarkostnaður		70.820.145	51.100.216
		146.086.695	116.799.628
Hagnaður af fjármálastarfsemi		502.518.212	281.839.999
Veittir styrkir		(18.387.781)	(26.673.616)
Hagnaður fyrir skatta		484.130.431	255.166.383
Tekjuskattur	5,13	(16.722.108)	(28.471.837)
Hagnaður ársins		467.408.323	226.694.546

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014



KEA

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Markaðsverðbréf	6	91.135.850	374.434.747
Fjárfestingaverðbréf	7	2.105.188.965	1.313.663.965
Skuldabréf og aðrar kröfur	8	1.023.170.749	631.312.495
Fjárfestingareignir	9	883.600.000	822.200.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	9.394.160	12.021.620
Tekjuskattsinneign	13	83.081.401	98.590.860
Aðrar eignir		52.542.190	66.151.186
Handbært fé		1.670.427.714	1.827.651.218
		<u>5.918.541.029</u>	<u>5.146.026.091</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Stofnsjóður félagsmanna		9.588.500	9.413.500
Lögbundinn varasjóður		2.397.125	2.353.375
Óráðstafað eigið fé		5.331.755.393	4.864.390.820
		<u>5.343.741.018</u>	<u>4.876.157.695</u>
Skuldir			
Lántaka	12	197.717.356	208.675.007
Ýmsar skammtímaskuldir		377.082.656	61.193.389
		<u>574.800.011</u>	<u>269.868.396</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.918.541.029</u>	<u>5.146.026.091</u>
Aðrar upplýsingar	14		



SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		467.408.323	226.694.546
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gangvirðisbreytingar eigna og skulda		(363.502.925)	(132.422.386)
Matsbreyting fjárfestingareigna	9	(51.672.679)	(60.833.641)
Aðrir liðir		18.390.967	27.255.819
		<u>70.623.686</u>	<u>60.694.338</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur og aðrar eignir		11.253.336	(7.213.529)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir og aðrar skuldir		19.652.982	(24.588.847)
		<u>30.906.318</u>	<u>(31.802.376)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>101.530.003</u>	<u>28.891.962</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(64.766.685)	(229.880.772)
Söluverð markaðsverðbréfa		361.445.713	86.244.226
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(436.610.927)	(54.660.587)
Söluverð fjárfestingaverðbréfa		15.128.326	0
Kaupverð skuldabréfa og krafna		(617.385.813)	0
Afborganir skuldabréfa og krafna		206.000.000	33.000.000
Kaupverð fjárfestingareigna	9	(9.727.321)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	0	(13.553.659)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	5.560.000
		<u>(545.916.707)</u>	<u>(173.290.792)</u>

SJÓÐSTEYMI ÁRSINS 2014 FRAMHALD



	Skýr.	2014	2013
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	11	175.000	200.000
Nýjar langtímaskuldir		0	185.000.000
Afborganir langtímaskulda		(11.218.342)	(3.121.014)
Aðrar skuldir, breyting		298.206.541	(185.091.339)
		<u>287.163.199</u>	<u>(3.012.353)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(157.223.504)	(147.411.183)
Handbært fé í byrjun ársins		1.827.651.218	1.975.062.401
Handbært fé í lok ársins		<u>1.670.427.714</u>	<u>1.827.651.218</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		133.977.959	130.279.855
Greiddir vextir		(17.815.718)	(17.874.231)



SKÝRINGAR

1. Almennar upplýsingar

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga dótturfélaganna KEA eigna ehf., Fasteignafélagsins Klappa ehf., H98 ehf. og Eignarhaldsfélagsins Bjarma ehf.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh.)

Tekjuskattur

Mismunur tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding eða inneign eftir því sem við á. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem kæmi til greiðslu ef eignir samstæðunnar væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar eða yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð að því marki sem líklegt er talið að hún muni nýtast á móti framtíðarhagnaði. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign miðast við það tekjuskattshlutfall sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Fjármálagerningar

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa samstæðunni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.



SKÝRINGAR

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh.)

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörsdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Arður

Úthlutaður arður er færður í reikningsskilunum þegar aðalfundur hefur samþykkt arðgreiðsluna.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem var til þegar til skuldarinnar var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi samstæðunnar hefur í för með sér margvíslega áhættu, s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun samstæðunnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2014	2013
Laun starfsmanna	48.477.022	41.344.617
Stjórnarlausn	8.520.000	7.423.000
Launatengd gjöld	18.269.528	16.931.795
	75.266.550	65.699.412
Meðalfjöldi starfsmanna	4	4

4. Laun og launatengd gjöld (frh.)

Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu 32,1 millj. kr. á árinu og greinast þannig:

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri	23.615.304
Birgir Guðmundsson, formaður stjórnar	1.600.000
Hallur Gunnarsson, varaformaður stjórnar	1.280.000
Guðlaug Kristinsdóttir, meðstjórnandi	960.000
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari stjórnar	960.000
Ólína Freysteinsdóttir, meðstjórnandi	960.000
Hannes Karlsson, fyrrv. formaður stjórnar	640.000
Hildur Ösp Gylfadóttir, meðstjórnandi	640.000
Ólafur Jónsson, meðstjórnandi	640.000
Björn Friðþjófsson, fyrrv. varaformaður stjórnar	480.000
Ellert Jón Gunnsteinsson, varamaður	200.000
Soffía Gísladóttir, varamaður	160.000
	32.135.304

KEA svf. hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris-, eftirlaunagreiðslur eða kaupauka.

5. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2014	2013
Tekjuskattur til greiðslu	1.219.293	0
Tímabundnir mismunir til greiðslu eða frádráttar síðar	15.509.459	28.471.837
Aðrir liðir	(6.644)	0
	16.722.108	28.471.837

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður fyrir skatta	484.130.431	255.166.383
Reiknaður tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli (20%)	96.826.086	51.033.277
Skattfrjálsar tekjur	(83.595.056)	(27.751.569)
Ófrádráttarbær gjöld	3.518.792	5.190.130
Aðrir liðir	(27.714)	0
Virkur tekjuskattur	16.722.108	28.471.837
Virkur tekjuskattur í %	3,5%	11,2%



SKÝRINGAR

6. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:

	Nafnverð	Markaðsverð
Hagar hf.	613.000	24.795.850
Icelandair Group hf.	3.100.000	66.340.000
Skráð hlutabréf samtals	3.713.000	91.135.850

7. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutir í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig:

	Eignarhluti í %	Nafnverð
AEK hf.	100,00%	4.000.000
Ásbyrgi - Flóra ehf.	80,00%	5.435.294
Ásprent - Stíll ehf.	59,06%	8.859.000
Ferro Zink hf.	44,00%	2.875.136
GKH Holding AS (NOK)	11,11%	13.790
Grand hótél Mývatn ehf.	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf.	22,70%	57.730.962
Grófgaril ehf.	34,00%	170.000
Hraun í Öxnadal ehf.	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf.	22,91%	1.000.000
Kælismiðjan Frost ehf.	20,75%	415.000
Marúlfur ehf.	16,95%	6.122.449
N4 ehf.	8,80%	296.471
Norðurbrú ehf.	100,00%	500.000
Norðurvegur ehf.	33,56%	5.000.000
Norlandair ehf.	10,20%	16.666.667
Samkaup hf.	5,00%	19.500.000
Slippurinn Akureyri ehf.	12,00%	6.000.000
Sparisjóður Höfðhverfinga ses.	49,89%	101.393.003
Sýni ehf.	1,77%	545.455
Tækifæri hf.	52,69%	375.975.765
Þekking - Tristan hf.	50,00%	2.000.000

8. Skuldabréf og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfum og öðrum kröfum í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015	979.439.694
Árið 2016	43.731.055
	<u>1.023.170.749</u>

Skuldabréfaeign í erlendum gjaldmiðlum nam kr. 216,9 millj. í árslok 2014.

9. Fjárfestingareignir

Breytingar á fjárfestingareignum greinast þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Bókfært verð í ársbyrjun	822.200.000	760.950.000
Viðbót á árinu	9.727.321	416.359
Matsbreyting á árinu	51.672.679	60.833.641
Bókfært verð í árslok	<u>883.600.000</u>	<u>822.200.000</u>

Fjárfestingareignir í árslok 2014 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat
Glerárgata 36	218.960.000	19.490.000	605.600.000
Óseyri 2	21.050.000	4.580.000	60.400.000
Kaupvangsstræti	48.549.000	6.460.000	135.700.000
Hafnarstræti 98	87.900.000	9.110.000	238.150.000
	<u>376.459.000</u>	<u>39.640.000</u>	<u>1.039.850.000</u>

Vátryggingamat fasteigna samstæðunnar nam í árslok 2014 kr. 1.040 millj.

Veðsetningar

Á fasteignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum hennar, sem voru að uppgreiðsluvirði um 197,7 millj. kr. í lok ársins 2014.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar		
	Bifreið	og húsgögn	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	10.509.840	1.511.780	12.021.620
Afskrifað á árinu	(2.627.460)	0	(2.627.460)
Bókfært verð í árslok	<u>7.882.380</u>	<u>1.511.780</u>	<u>9.394.160</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.



SKÝRINGAR

11. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnsjóður félagsmanna	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	9.413.500	2.353.375	4.864.390.820	4.876.157.695
Innborgað í stofnsjóð	175.000			175.000
Hagnaður ársins			467.408.323	467.408.323
Tillag í lögbundinn varasjóð		43.750	(43.750)	0
Staða í árslok	9.588.500	2.397.125	5.331.755.393	5.343.741.018

12. Lántaka

Lán samstæðunnar greinast þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	173.437.505	183.250.001
Skuldir í ISK, verðtryggðar	24.279.851	25.425.006
	197.717.356	208.675.007

Afborganir af lántöku samstæðunnar í árslok 2014 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015	20.041.045
Árið 2016	20.041.045
Árið 2017	11.947.762
Árið 2018	9.250.000
Árið 2019	9.250.000
Síðar	127.187.504
	197.717.356

13. Tekjuskattsskuldbinding (inneign)

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu (inneign) greinist þannig:

	<u>2014</u>	<u>2013</u>
Tekjuskattsskuldbinding (inneign) í ársbyrjun	(98.590.860)	(127.062.696)
Reiknaður tekjuskattur ársins	16.722.108	28.471.837
Tekjuskattur til greiðslu	(1.219.293)	0
Aðrir liðir	6.644	0
	<u>(83.081.401)</u>	<u>(98.590.860)</u>

Tekjuskattsskuldbinding (inneign) greinist á eftirfarandi liði:

	<u>31.12.2014</u>	<u>31.12.2013</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	(105.098)	42.854
Fjárfestingareignir	82.008.557	68.271.494
Gengismunur	(7.887.253)	(5.001.064)
Skuldabréf og aðrar kröfur	(143.032.254)	(145.908.681)
Yfirfæranlegt tap	(14.065.352)	(15.995.463)
	<u>(83.081.401)</u>	<u>(98.590.860)</u>

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn, lykilstjórnendur félaga í samstæðunni og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra ásamt tengdum félögum.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

